



DANSK-ISLANDSK
HANDELSKAMMER

SAMÞYKKTIR Dansk-íslenska viðskiptaráðsins

1. grein

Nafn félagsins og aðsetur

Nafn félagsins er "Dansk-íslenska viðskiptaráðið". Félagið hefur aðsetur á skrifstofu Viðskiptaráðs Íslands í Reykjavík.

2. grein

Tilgangur og verkefni

Tilgangur félagsins er að efla viðskipti og efnahagssamvinnu landanna. Félagið mun leitast við að starfa með þeim félögum á Íslandi og í Danmörku, sem vinna að hliðstæðum verkefnum. Til að stuðla að þessum markmiðum mun félagið, eftir efnun og ástæðum, standa fyrir fræðslufundum og rástefnum og veita upplýsingar um atvinnulíf, fjárfestingarmöguleika og viðskiptamöguleika í Danmörku og á Íslandi. Fréttabréf um starfsemina skal koma út að lágmarki tvisvar á ári.

Félagið mun jafnframt leitast við að gæta hagsmuna félagsmanna gagnvart stjórnvöldum á Íslandi og í Danmörku.

3. grein

Félagar

Félagar geta orðið einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir á Íslandi eða í Danmörku, sem stuðla vilja að markmiðum félagsins. Hver félagi hefur eitt atkvæði á fundum félagsins. Atkvæðisréttur fellur niður hafi félagsgjöld ekki verið greidd. Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og miðast við upphaf næsta fjárhagsárs. Stjórnin getu vikið félögum úr félaginu vinni þeir gegn tilgangi þess.

Aðalfundur getur kosið heiðursfélaga, sem tilnefndur hefur verið af stjórn félagsins. Heiðursfélagi hefur seturétt á fundnum félagsins en ekki atkvæðisrétt.

4. grein

Fjármál

Starfsemi félagsins er fjármögnuð með félagsgjöldum, sem ákveðin eru af aðalfundi að fenginni tillögu stjórnar, svo og annarri starfsemi sem fram fer á vegum félagsins. Aðalfundur velur úr sínum hópi tvo endurskoðendur til að fara yfir og árita reikninga félagsins. Fjárhagsár félagsins er frá 1. júlí til 30.júní.

5. grein

Stjórn

Stjórn félagsins skipa mest 9 menn, kosnir á aðlafundi. Formaður skal kosinn sérstaklega. Stjórnin skal tilnefna framkvæmdastjóra sem ber ábyrgð á daglegum störfum ráðsins.

6. grein

Stjórnarfundir

Formaður og varaformaður í forföllum hans boða til stjórnarfunda. Stjórnarfundir eru lögmætir ef löglega hefur verið boðað til þeirra og minnst fjórir stjórnarmenn eru mættir. Falli atkvæði jafnt hefur formaður eða varaformaður í hans forföllum úrslitavald.

7. grein

Skuldbindingar

Formaður ráðsins og framkvæmdastjóri hafa rétt til að skuldbinda félagið.

8. grein

Aðalfundur

Aðalfundur félagsins skal halda fyrir lok október á ári hverju. Senda skal boð um aðalfund með minnst tveggja vikna fyrirvara og þá með dagskrá. Eftirfarandi atriði skulu vera á dagskrá:

1. Fundarsetning, kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Ársreikningar
4. Lagabreytingar
5. Kosning stjórnar a. formanns b. annarra stjórnarmanna sbr. 5. gr.
6. Kosning tveggja endurskoðenda
7. Ákvörðun um félagsgjöld
8. Önnur mál



DANSK-ISLANDSK
HANDELSKAMMER

9. grein
Félagsfundir

Almenna fundi félagsins skal boða skriflega með hæfilegum fyrirvara.

10. grein
Breytingar á samþykktum

Lögum félagsins má aðeins breyta á aðalfundi. Tillögur um lagabreytingar skal leggja fyrir stjórn a.m.k. þremur vikum fyrir aðalfund. Allar tillögur um breytingar á lögum félagsins skulu fylgja aðalfundarboði undirritaðar af flutningsmanni/-mönnum. Sama gildir um tillögur um slit á félaginu. Ákvörðun um lagabreytingar eða slit félagsins skal tekin af 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi. Sé tekin ákvörðun um slit félagsins skulu eignir sem gætu verið til ráðstöfunar renna til félaga eða stofnana sem hafa það verkefni að efla viðskiptatengsl Íslands og Danmerkur.